



GLFR-appið

Leiðbeiningar






Almennt um GLFR

- Fjölmargir Íslenskir golfklúbbar tóku sig saman síðastliðinn vetur og gerðu samning um innleiðingu á GLFR appinu. GLFR appið er rafrænn vallarvísir sem heldur utan um skor kylfinga, lætur hann vita um allar fjarlægðir og að leik loknum er hægt að senda skorkortið með rafrænum hætti á golf.is.
- Starfsfólk GKG sér sjálft um að viðhalda vallarvísinum og því er tryggt að lengdir og lega vallar er ávallt rétt. Jafnframt munum við í náninni framtíð GPS merkja inn pinnastaðsetningar þegar þeim er breytt og því verður hægt að treysta lengdarmælingum upp á 50 cm óvissu.
- Hér á eftir eru leiðbeiningar um það hvernig kylfingur setur upp GLFR, stillir það í fyrsta sinn, notar það til að skrá skor og hvernig skorkortið er sent yfir á golf.is.

Your New **Golfer** App

Golf courses presented in stunning high quality – directly on your smartphone.

Download **GLFR** today – it is free!







Að sækja GLFR appið

- Appið er sótt með eftirfarandi hætti:

Ef kyfingur er með Iphone, þá er appið sótt í gegnum App Store



Ef kyfingur er með Android síma, þá er appið sótt í gegnum Google Play

- Þegar búið er að sækja appið, þá þarf að búa til nýjan notenda með netfangi og lykilorði, einnig er hægt að tengjast appinu í gegnum Facebook aðgang


ATH. uppfærið appið reglulega því það er mikilvægt að vera með nýjustu útgáfuna




Að tengjast golf.is

- Eftir að búið er að sækja appið þarf að tengjast golf.is, það er gert með eftirfarandi hætti:

1 - Smellið á línurnar í vinstra horninu efst




2 - Smellið á profile



3 - Smellið á „Connect with GOLF.IS“

4 - Setið inn notendanafnið ykkar og lykilorð af golf.is

Ekki þarf að endurtaka þessa aðgerð þegar appið er notað næst




ATH. ef appið er ekki notað í 30 daga þarf að tengjast golf.is á nýjan leik



Að hefja leik

- GLFR kemur sjálfvirkt upp með þá velli sem eru næstir þér:

1 – Velið golfklúbbinn sem þið ætlið að spila




2 – Veljið völlinn sem þið ætlið að spila



3 – Hér eru allar helstu upplýsingar um völlinn og staðarreglur. Til að hefja leik er smeltt á græna hringinn með hvíta merkinu.

4- Til að halda áfram leik sem þegar er hafinn er smeltt á græna hnappinn




5 – veljið teig sem þið spilið af

6 – setið inn vallarforgjöf

7 – hægt er að slá inn skor fyrir fleiri aðila


8 – Hægt er að leyfa öðrum að fylgjast með hringnum



Á meðan leik stendur



- Hér er yfirlitsmynd yfir 18. holu Leirdalsvallar:




Með því að smella á þennan hnapp breytast fjarlægðir miðað við

- Teiginn sem spilað er af
- Þar sem kylfingur er staddur


Hér er hægt að skoða holustaðsetningar dagsins

Smellt er á þennan hnapp til að skrá inn skor á holuna

Með því að smella fingri á brautina er hægt að sjá fjarlægð að viðkomandi punkti auk fjarlægð þaðan á flöt



Ef þessi flipi er dreginn upp fæst upplýsinga myndin hér til vinstri. Hægt er að laga skorið á holunni




Með því að smella á græna flaggið fæst myndin hér til vinstri




Að ljúka leik

- Þegar leik er lokið þarf að smella á doppurnar þrjár sem eru í efst í horninu hægra megin þá fæst neðangreind fellivalmynd



Þar velur kyfingur „Finish game“ jafnframt er hægt að setja leikinn á bið eða eyða honum



Ef „Finish game“ er valið birtist neðangreind mynd. Hægt er að fara yfir skorið og leiðréttta. Þegar kyfingur er búinn að fara yfir og allt stemmir, þá er smellt á „Submit scorecard to GOLF.IS“. Næst þegar kyfingurinn fer á golf.is sér hann skorkortið þar.